

Mánudaginn 18. september 1995.

Nr. 292/1995.

Magnús Guðmundsson

(Gunnar Sæmundsson hrl.)

gegn

**Eftirlaunasjóði Félags íslenskra
atvinnuflugmanna**

(Atli Gíslason hrl.)

Kærumál. Gerðardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 3. ágúst 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 11. sama mánaðar. Um kæruheimild er vísað til 2. mgr. 5. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur, upp kveðinn 1. ágúst sl., þar sem hafnað er kröfu sóknaraðila um skipan manns í gerðardóm. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að lagt verði fyrir Héraðsdóm Reykjavíkur að skipa mann af hálfu stjórnar Eftirlaunasjóðs Félags íslenskra atvinnuflugmanna í gerðardóm til að fjalla um ágreining sóknaraðila og stjórnar sjóðsins um það efni eftirlaunaréttinda hans, sem ræðir í hinum kærða úrskurði. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og kærumálskostnaðar.

Varnaraðili gerir þá kröfu aðallega, að málinu verði vísað frá héraðsdómi og Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur. Jafnframt krefst hann kærumálskostnaðar.

Ágreiningi aðila er lýst í dómi Hæstaréttar 5. desember 1994 í málinu nr. 470/1994, en sóknaraðili var einnig meðal sóknaraðila þess máls.

Í bréfi sínu til Héraðsdóms Reykjavíkur 16. mars 1995 lýsir sóknaraðili yfir, að í máli, sem hann hyggst reka fyrir gerðardómi, „gerir hann kröfu til að efni eftirlaunaréttinda sinna sé óbreytt frá því sem var áður, en hann var skertur umfram rétt fjölmargra annarra sjóðfélaga, fyrst með ákvörðun sjóðstjórnar og síðar reglugerðarbreytingu“. Með túlkun á orðalagi í fyrirnefndum dómi

Hæstaréttar telur sóknaraðili sér heimilt að bera slíka kröfu undir gerðardóm, sem samkvæmt 22. gr. reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð F. Í. A. skuli dæma um ágreining „út af reglugerð þessari“. Telur sóknaraðili úrlausnarefnið nú vera það, „hvort efni lífeyrisréttinda þeirra, sem hann naut, áður en skerðing kom til framkvæmda skv. ákvörðun sjóðsstjórnar 1. júní 1991, sé varið af eignarréttarákvæðum stjórnarskrár eða öðrum réttarreglum og verði ekki skert nema gætt sé jafnréttis- og jafnræðissjónarmiða íslensks réttar“.

Í máli þessu er hvorki deilt um túlkun á ákvæðum reglugerðar fyrir Eftirlaunasjóð F. Í. A. né hvort lífeyrisgreiðslur til sóknaraðila séu í samræmi við gildandi reglur. Þrátt fyrir aðra framsetningu krafna sóknaraðila en í hinu fyrra máli beinast þær eftir sem áður að því, að gerðardómur dæmi um ástæður, sem leiða eigi til þess, að víkja beri til hliðar ákvæðum gildandi reglugerðar gagnvart sóknaraðila og að eftirlaunaréttur hans skuli þess í stað fara eftir 20. gr. eldri reglugerðar. Að þessu leyti er sama aðstaða fyrir hendi og gildi um þá kröfugerð sóknaraðila, sem til úrlausnar var í málinu nr. 470/1994. Þá hefur sóknaraðili ekki vefengt, að formlega hafi verið staðið rétt að samþykkt um skerðingu lífeyris, sem kom til framkvæmda 1. júní 1991, og breytingu á reglugerð, sem gildi frá 1. janúar 1993.

Að þessu virtu verður ekki fallist á, að efni 22. greinar reglugerðarinnar verði túlkað svo rúmt, að úrlausn krafna sóknaraðila teljist falla undir valdsvið gerðardóms þess, er þar greinir. Samkvæmt því verður hinn kærði úrskurður staðfestur og sóknaraðila gert að greiða kærumálskostnað, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Sóknaraðili, Magnús Guðmundsson, greiði varnaraðila, Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, 70.000 krónur í kærumálskostnað.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 1. ágúst 1995.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar að loknum munnlegum flutningi 4. júlí sl., er þannig til komið, að með bréfi, dagsettu 16. mars 1995, fór Magnús Guðmundsson, kt. 090816-7569, Hlégerði 15, Reykjavík, þess á leit við dómstjórnann í Reykjavík, að hann skipaði gerðarmann af hálfu stjórnar

Eftirlaunasjóðs F. Í. A., í gerðardóm til að fjalla um ágreining Magnúsar við stjórnina, sem hann lýsti nánar.

Beiðni þessa reisti sóknaraðili á heimild í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 53/1989 um samningsbundna gerðardóma. Stjórn Eftirlaunasjóðs F. Í. A. hefur hafnað beiðni um skipun gerðarmanns.

Varnaraðili, Eftirlaunasjóður F. Í. A., kt. 650376-0809, Háaleitisbraut 68, Reykjavík, krefst þess aðallega, að málinu verði vísað frá dómi, en að því frágengnu, að synjað verði um skipun gerðarmanns í gerðardóm til að fjalla um ágreining aðila. Þá krefst varnaraðili málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti af mállutningsþóknun.

Í bréfi sóknaraðila segir, að gerðardóminum sé ætlað að fjalla um ágreining sinn og sjóðstjórnarinnar, sem lýst er svo orðrétt í bréfi hans til varnaraðila 15. febrúar sl.: „... telur að með tveimur skerðingum, sem gerðar voru á eftirlaunaréttindum hans skv. svonefndum skilorðsbundnum stigum, um 60% frá 1. 6. 1991 og um 90% frá 1. 1. 1993, hafi rétti hans verið raskað með ólögætum hætti, þ. e. að ekki hafi verið gætt jafnræðisreglna íslensks réttar við umræddar skerðingar. Af þeim sökum telur Magnús sig eiga kröfu á sjóðinn sem nemi þeirri skerðingu sem hann hefur orðið fyrir á tímabilinu 1. janúar 1991 til 31. desember 1994. . .“.

Sóknaraðili máls þessa ásamt fleiri félögum í eftirlaunasjóðnum setti fram svipaða kröfu á síðastliðnu ári, sem lokið var með dómi Hæstaréttar 5. desember 1994. Í þeim dómi segir m. a. orðrétt:

Niðurstaða.

Kröfu sama efnis um tilnefningu manns í gerðardóm af hálfu varnaraðila var hafnað með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 5. desember. Sóknaraðili var einnig sóknaraðili í því máli ásamt fleiri sjóðfélögum. Efnislega snýst ágreiningur aðila nú og í því máli um það, hvort réttmætt hafi verið að skerða lífeyrisgreiðslur á grundvelli svonefndra skilorðsbundinna stiga. Fallast verður á það með sóknaraðila, að hér sé í ákveðnum skilningi tekist á um lífeyrisréttindi hans. Hins vegar deila aðilar ekki um það, hvort lífeyrisgreiðslur til sóknaraðila séu réttar og í samræmi við þær reglur, er settar hafa verið, heldur eingöngu um það, hvort reglurnar felí í sér óheimila mismunun sjóðfélaga. Gerðardómsákvæðið í samþykktum varnaraðila verður ekki skýrt svo rúmt, að þessi ágreiningur verði lagður í gerð.

Um þetta hefur áður verið úrskurðað með áður nefndum úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 18. nóvember 1994, er staðfestur var með dómi Hæstaréttar 5. desember. Leiðir 116. gr. laga nr. 91/1991 ekki til þess, að

kröfu sóknaraðila verði vísað frá dómi, en sóknaraðili hefur ekki að neinu leyti komið fram með ný atriði eða ágreiningsefni, er hann vilji leggja fyrir gerðardóm. Hefur hann einungis að hluta til umorðað fyrri málflutning sinn. Samkvæmt þessu verður að hafna kröfu sóknaraðila.

Með hliðsjón af atvikum verður sóknaraðila gert að greiða varnaraðila málskostnað, sem ákveðst 200.000 kr., og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Arngrímur Ísberg héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kröfu sóknaraðila, Magnúsar Guðmundssonar, um skipan manns í gerðardóm er hafnað.

Sóknaraðili greiði varnaraðila, Eftirlaunasjóði Félags íslenskra atvinnuflugmanna, 200.000 kr. í málskostnað.